



Fundargerð

Skólanefndarfundur í Toppnum

Dagsetning: 20.11.2024

Fundartími: 16:00

Fundarstjóri: Steinunn Inga Óttarsdóttir

Fundarritari: Dröfn Viðarsdóttir

Mættir: Steinunn Inga Óttarsdóttir (SIÓ) skólameistari, Dröfn Viðarsdóttir aðstoðarskólameistari, Guðrún Lind Gísladóttir (GLG) fjármálastjóri, Trausti Gylfason fulltrúi kennara, Þórunn Hilma Svavarsdóttir fulltrúi foreldra, Ragnheiður Helgadóttir, Liv Áse Skarstad, Þórdís Eva Rúnarsdóttir, Ellert Jón Björnsson. Jóhanna Helgadóttir mætti ekki né varamaður.

Dagskrá

- Rekstur og fjármál
- Stefnumótun og stefnumiðuð ríkisáætlun 2025-2027
- Önnur mál
 - Framkvæmdir í húsnæði skólans
 - Kjarabarátta kennara

Umræður og niðurstöður:

SIÓ bauð fundargesti velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

1. Rekstur og fjármál

GLG fór yfir stöðu fjármála. Renndi yfir stöðuna eftir 9 mánuði ársins. Staðan sýnir ekki rétta mynd því viðbótarframlög vegna vorannar (námsleyfi, starfsbrautaruppbót, ÍSAN áfangi) bókast á 13. mánuð ársins. Farið yfir þá liði sem hafa breyst á milli ára, launagjöld hafa aukist um 54 milljónir á milli ára. Tekjur sambærilegar á milli ára.

Sótt var um viðbótarframlag vegna eignakaupa í fjárukalögum fyrir árið 2024 upp á 20 milljónir, biðum eftir staðfestingu á að það hafi farið í gegn.



Fjölbrotaskóli Vesturlands
á Akranesi

Nemendaígildi voru 480 fyrir árið 2024 en eru 470 í fjárlögum 2025. Skólameistari er að vinna í því að fá þá tölu hækkaða aftur í 480 sem er nær raunnemendaígildum í stækkandi skóla.

2. Stefnunótun í FVA og stefnumiðuð ríkisáætlun 2025-2027

SIÓ sagði frá vinnu við stefnunótun sem búin er vera í gangi frá 2023. Það eru flestir starfsmenn sem taka þátt í stefnunótunni. SIÓ fór yfir vinnuskjal þar sem fram kemur hvaða vinna er í deildum og hjá stjórnendum. Eitt af markmiðum stjórnenda er að hlúa að mannauðnum, m.a. með að bæta aðstöðu og kjör. SIÓ sagði m.a. frá hvernig skólinn raðast á launamynd KÍ þar sem við erum í sjötta sæti núna sem mikil bót frá því sem áður var.

SIÓ sagði frá vinnu við stefnumiðuðri ríkisáætlun sem eru í vinnslu núna. Hún rímar við rekstraráætlun og á að skila núna í nóvember.

SIÓ sagði frá jákvæðri þróun af stefnunótunarvinnunni sem birtist í því m.a. að hún er orðin hluti af starfi okkar og við róum öll í sömu átt.

3. Önnur mál

a. Framkvæmdir í húsnæði skólans

SIÓ sýndi fundarmönnum þær framkvæmdir sem hafa verið gerðar sl mánuði.

b. Kjarabarátta kennara

SIÓ sagði frá stöðunni í kjarasamningum kennara og verkfalli. Foreldraráð FVA sendi kennurum skólans stuðningsyfirlýsingu á dögnum sem okkur þykir vænt um. Samstöðufundur kennara á öllum skólastigum á Akranesi og Hvalfjarðarsveit haldinn í húsnæði FVA á morgun.

c. Umræða um ferilbók en nemendur í verknámi sem hófu nám eftir 1. ágúst 2023 útskrifast ekki án hennar.

Fundi slitið kl. 17:00